

Nd.

504. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til landskiftalaga (þingskj. 760).

Frá landbúnaðarnefndinni.

Efri deild hefir gert nokkrar breytingar við frumvarpið; en allar eru þær fremur smávægilegar, og þó sist til þess að bæta frumvarpið. Sú breytingin, er verulegu máli skiftir er við 13. gr.

Í frumvarpinu, er það fóR hjeðan, var svo fyrir mælt í niðurlagi 13. gr., að þegar landi ekki er skift að rjettri tiltölu, en einhver eigandi hefir látið af hendi meira verðmæti í landeign innan sameignarinnar, en hann fjekk á móti, þá skuli svo álitíð, að það sje afsalað honum eða selt, og komi það til greina við

næsta jarðamat. — Þessum síðustu orðum hefir efri deild breytt á þann hátt, að *skattskylda jarðanna eða jarðarpartanna breyttist* samkvæmt umræddum skiftum.

Nefndin vill láta þess getið, að þótt hún ekki leggi til, að niðurlagi 13. gr. eins og það er nú, sje breytt á ný, þá heldur hún fast við þann skilning, að *breytingar þær, er skifti lands hafa í för með sjer, komi fyrst til greina við næsta jarðarmat.*

Við framsögu málsins verður gerð frekari grein fyrir breytingum efri deildar á frumvarpinu, og leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. sept. 1913.

Eggert Pálsson,
formaður

Sigurður Sigurðsson,
skrifari og framsögum.

Kristján Jónsson.

H. Steinsson.

Bjarni Jónsson,
frá Vogu.